

# Stofnanasamningur

## Raunvísindastofnunar Háskólans við Félag háskólakennara

Forsendur röðunar starfa við Raunvísindastofnun Háskólans samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Félags háskólakennara og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs,  
dags. 16. nóvember 2015

### 1. KAFLI

#### Almennar forsendur

##### 1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags háskólakennara hins vegar, dags. 16. nóvember 2015. Samningurinn nær til allra starfsmanna Raunvísindastofnunar Háskólans sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

##### 1.2 Markmið

- Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum og upptöku nýrrar launatöflu:
- Að launasetning sé með hlutlægum hætti og sömu mælikvarðar notaðir við ákvörðun launa eftir eðli starfa.
  - Að einfalda launakerfið.
  - Að hækka lágstu laun.
  - Að jafnréttisstefna sé höfð að leiðarljósi við launaákvæðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
  - Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.

##### 1.3 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfslýsingar endurskoðast árlega.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

- Störf sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna með rannsóknaskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 2. kafla.
- Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademísku hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 3. kafla.
- Um launaröðun nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nýdoktora á rannsóknastyrkjum er fjallað í 3.5. kafla.

BB

  
86

#### **1.4 Álag vegna tímabundinna þátta**

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu.

**Dæmi** um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

Sjá grein 1.3 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra dags. 16. nóvember 2015.

#### **1.5 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla kjarasamnings Félags háskólakennara við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 2. KAFLI

### Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn

#### 2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir.

Um er að ræða störf sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna. Með rannsóknnum er hér átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

#### 2.2 Starfsskyldur sérfræðinga

Starfsskyldur starfsmanna sem eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfsþátta og undantekningar frá almennum starfsskyldum fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara og Raunvísindastofnun Háskólans koma sér saman um og hlotið hafa samþykki stjórna stofnananna. (Sjá fylgiskjal 1 við samning þennan.) Um ákvarðanir um rannsóknaleyfi sérfræðinga gilda fyrri reglur.

#### 2.3 Framgangur í efra starfsheiti

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi næstu mánaðamót eftir að formaður stjórnar Jarðvísindastofnunar Háskólans (JH) eða Eðlisvísindastofnunar Háskólans (EH) hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum sem nægja til framgangs.

##### 2.3.1 Framgangur sérfræðings í starf fræðimanns

Sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf fræðimanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara, Háskóli Íslands og tengdar stofnanir koma sér saman um.

##### 2.3.2 Framgangur fræðimanns í starf vísindamanns

Fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf vísindamanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara, Háskóli Íslands og tengdar stofnanir koma sér saman um.

#### 2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. rannsóknaskýrslu, sbr. samræmdar matseglur Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

#### 2.5 Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn

Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflu 2.1 og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana, sbr. grein 2.7.

### 2.5.1 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

Röðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1 og í samræmi við rannsóknaskyldu þeirra, 40%, 60% eða 80% af fullum starfsskyldum. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

Tafla 2.1 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

40%	60%	Heildar- stig	Lfl.
-	-	< 50	3-1
-	-	50	4-1
50	60	100	5-1
80	90	150	6-1
120	140	200	7-1
270	320	400	8-1
400	480	600	9-2
550	720	900	10-2
750	960	1200	11-2
1000	1280	1600	12-1
1500	1600	2000 >	13-1

### 2.5.2 Röðun í launaþrep

Röðun í launaþrep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E, og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.2. Röðun í launaþrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir ofangreinda matsþætti. Við gildistöku nýs kjarasamnings 2015 raðast sérfræðingar, fræðimanna og vísindamanna í 1. eða 2. launaþrep eins og sýnt er í töflu 2.1 og hefst stigatalning samkvæmt töflu 2.2 frá 1. janúar 2015 og kemur fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig ársins 2015. Þeir sem raðast í 2. launaþrep fara í 3. launaþrep við 50 stig, í 4. launaþrep við 100 stig o.s.frv.

Tafla 2.2

Launaþrep							
1	2	3	4	5	6	7	8
<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka og launaþrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launaþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustiga.

### 2.5.3 Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur þessi miðast við matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 2.1 og 2.2 endurskoðaðar af aðilum samningsins.

#### 2.5.4 *Upptaka nýrrar launaröðunar.*

Stefnt skal að jöfnun heildarstiga og launaröðunar sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna Raunvísindastofnunar við heildarstig og launaröðun aðjúnkta 1, lektora og dósentna við HÍ, sbr. stofnanasamning FH og HÍ dags. 17. nóvember 2015, grein 1, töflur 1A og 1B, fyrir 1. júní 2016.

#### **2.6 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa**

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
3. Þjónustustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

**2.7 Samræmdar matsreglur Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana, sjá gildandi reglur.** Matsreglurnar hafa verið aðlagðar að úrskurði kjaranefndar fyrir prófessora eins og hann hefur verið á hverjum tíma.

### 3. KAFLI

## Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf

#### 3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademísku hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Starfsmönnum er ráðað í launaflokka í samræmi við töflu 3.1. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Röðun skal þó aldrei vera lægri en í L05. Sjá nánar gr. 3.1.1 og 3.1.2.

##### 3.1.1 Starfsmat

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi.

##### 3.1.2 Hæfnismat og ársmat

Til viðbótar starfsmati eru veitt stig vegna þekkingar og reynslu starfsmanns umfram það sem starfið krefst. Þessir þættir eru metnir í hæfnismati. Áunnin stig úr ársmati koma til uppsöfnunar í hæfnismati ár hvert.

#### 3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati.

Tafla 3.1 Launaröðun þeirra er falla undir starfs- og hæfnismat

Heildarstig	Launaflokkur og þrep
<300	L05-6
335	L06-6
370	L07-6
400	L08-6
450	L09-6
500	L10-6
535	L11-5
575	L11-6
600	L12-5
625	L12-6
650	L13-5
675	L13-6
700	L14-5
725	L14-6
750	L15-5
775	L15-6
800	L16-5
850	L17-5
>900	L18-5

### 3.3 Endurskoðun röðunar í launaflokka og ársmat

Endurskoða skal starfslýsingar eftir þörfum en ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsmenn geta sótt um ársmat í maímánuði ár hvert og skulu niðurstöður liggja fyrir í september. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

### 3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Raunvísindastofnun Háskólans sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi:

Verkefnastjóri  
Rannsóknamaður  
Deildarstjóri  
Skrifstofustjóri  
Framkvæmdastjóri

Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

### 3.5 Nýdóttarar

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi og verkefnaráðnir starfsmenn án hæfnismats raðast í launaflokka samkvæmt eftirfarandi forsendum:

Meistaraneini og verkefnaráðinn starfsmaður með BA/BS próf án hæfnismats á tímabundnum ráðningasamningi: L01

Doktorsnemi og verkefnaráðinn starfsmaður með MA/MS próf án hæfnismats á tímabundnum ráðningasamningi: L02

Nýdóttarar og verkefnaráðinn starfsmaður með doktorspróf án hæfnismats á tímabundnum ráðningasamningi: L05

Heimilt er að raða einum til tveimur launaflokkum hærra í samræmi við framgang náms og/eða starfs. Við ráðningu skal gera samning milli viðkomandi nemanda og leiðbeinanda um vinnuskyldu, vinnuframlag, hlutfall starfs og tímalengd ráðningar. Í samningnum skal koma fram að ráðningin grundvallist á náminu og ljúki við námslok.

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi skulu auðkenndir í starfsmannaskrá eftir því sem við á sem meistaraneini eða doktorsnemi og tiltaka skal einnig hverjir eru nýdóttarar í upplýsingum til stéttarfélagsins.

Nýdóttarar sem ráðnir eru í fullt rannsóknastarf á sérsviði sínu eiga kost á að fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá í launatöflu eins og akademískir sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn skv. stofnanasamningi Félags háskólakennara við Háskóla Íslands, tafla 2A, undirrituðum 17. nóvember 2015.

**Samningur þessi gildir frá 1. maí 2015.**

**Reykjavík 10. desember 2015**

  
Fyrir hönd Raunvísindastofnunar Háskólans

Fyrir hönd Félags háskólakennara





# Fylgiskjal 1

## Starfsskyldur sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans

1. gr.

### Starfsskyldur

Starfsskyldur sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, stjórnun og önnur störf, sbr. 2. gr. í fylgiskjali þessu.

2. gr.

### Starfsmenn sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa

Stofnun ákveður skiptingu starfsskyldna milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Kveða skal á um skiptingu starfsskyldna í ráðningarsamningi. Ef við á skal tiltaka í ráðningarsamningi hve hátt hlutfall rannsóknaskyldunnar eru þjónusturannsóknir á vegum stofnunar, aðrar rannsóknir eða aðstoð við rannsóknir, án rannsóknafrelsis.

3. gr.

### Almennar starfsskyldur sérfræðinga

Starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skiptast í þrjá flokka og skal rannsóknaskylda þeirra vera 40%, 60% eða 80% af heildarvinnuskyldu. Aðrir starfsþættir sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna eru 60%, 40% eða 20%, eftir því sem nánar er kveðið á um í starfslýsingu og ráðningarsamningi.

Skýring: Heimilt er að ráða sérfræðing með 40% rannsóknaskyldu þótt fyrir kunni að vera á stofnun sérfræðingar með 60% eða 80% rannsóknaskyldu. Jafnhliða geta formaður stjórnar og sérfræðingur gert með sér gagnkvæmt samkomulag um hækkun eða lækkun rannsóknaskyldu innan þessa ramma ef óskir um slíkt koma fram. Slíkt samkomulag skal háð samþykki stjórnar viðkomandi stofnunar.

4. gr

### Skilgreining starfsþátta

#### 4.1 Rannsóknir:

Sérfræðingar njóta akademísku rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Stofnun skilgreinir fræðasvið hvers sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna og annarra. Sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknum sínum.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 2. gr. að sinna kennslu, þjónusturannsóknum eða öðrum rannsóknum og rannsóknatengdum störfum á vegum stofnunar, sbr. 4.3 gr. hér á eftir. Slíkar rannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.



#### 4.2 Stjórnun:


Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við rannsóknir og þjónusturannsóknir viðkomandi sérfræðings.

Í öðru lagi felur stjórnun í sér tímabundið verkefni á vegum stofnunar sem mönnum eru falin af stjórn viðkomandi stofnunar eða þeir kjörnir til að sinna af öðrum starfsmönnum stofnunarinnar.

Skýring: Með stjórnun í tengslum við rannsóknir er t.d. átt við samskipti við fræðimenn og nemendur á fræðasviði stofnunarinnar sem ekki tengjast beint rannsóknum viðkomandi sérfræðings, setu á fundum og í nefndum á vegum stofnunar eða í hennar umboði. Stjórn stofnunar getur falið einstökum sérfræðingum stjórnunarverkefni á vegum stofnunarinnar.

#### 4.3. Önnur störf:

Undir önnur störf falla fyrst og fremst ýmis tilfallandi smærri eða stærri verkefni eða verkþættir er leiða af hlutverki og skyldum stofnunarinnar á fræðasviði hennar og starfsmönnum er falið að leysa eftir aðstæðum hverju sinni. Þar með teljast þjónusturannsóknir við ýmis föst eða langtíma verkefni á fræðasviði stofnunar sem henni er ætlað að sinna skv. lögum eða reglugerð eða ákvörðun stjórnar eða stofustjóra.



## Fylgiskjal 2

Sérstök umbun vegna tímabundins álags/verkefnis

Ath. í grein 1.4 í stofnanasamningi er fjallað um tímabundið álag innan verksviðs starfsmanns en hér er eingöngu átt við álag fyrir verkefni sem eru utan við verksvið hans.

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. gr. 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir gr. 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af stjórn viðkomandi stofnunar og byggjast á skriflegum reglum sem kynnt hafa verið starfsmönnum.

  
su

## Bókanir

### Bókun 1

#### Endurskoðun á starfs- og hæfnismati

	Starfsmat	Hæfnismat
Diplómanám	-	25 stig
Háskólapróf BA/BS, 90 einingar	90 stig	50 stig
Háskólapróf BA/BS, 120 einingar	120 stig	60 stig
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun	160 stig	90 stig
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180 stig	110 stig
Doktorspróf	220 stig	130 stig

Viðbótarmenntun umfram það sem starfið krefst reiknast til stiga sem mismunur milli flokka í hæfnismati (*Dæmi:* Einstaklingur í starfi sem krefst BA/BS menntunar fær því 40 stig í hæfnismati fyrir MA/MS próf). Aðrir þættir matskerfisins geta einnig komið til endurskoðunar samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

### Bókun 3

#### Áfrýjunarnefnd vegna starfs- og hæfnismats

Komið verði á fót áfrýjunarnefnd vegna ágreiningsmála sem rísa kunna út af niðurstöðum úr starfs- og hæfnismati hjá Háskóla Íslands og tengdum stofnunum fyrir 10. janúar 2016. Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til nefndarinnar sem skal skipuð óháðum aðilum og starfrækt með sama hætti og áfrýjunarnefnd vegna stigamats kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.

### Bókun 4

Það er sameiginleg afstaða Raunvísindastofnunar Háskólans og Félags háskólakennara að laun skuli ákvörðuð með gagnsæjum og hlutlægum mælikvörðum. Í ljósi þess er það stefna aðila að færa viðbótarlaun sem kunna að vera við lýði samkvæmt sérstökum samningum milli einstakra starfsmanna og stofnunar inn í dagvinnulaun að því marki sem unnt er án þess að heildarlaun lækki. Skilyrt er að viðbótarlaun þessi séu ekki vegna aukins vinnuframlags.

**Varðar kennslu akademískra starfsmanna Raunvísindastofnunar við Háskóla Íslands**

Það er sameiginlegur skilningur samráðsnefndar háskólaráðs og Félags háskólakennara að sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn á Raunvísindastofnun HÍ fái greitt fyrir kennslu við Háskóla Íslands í samræmi við 4. tl. í stofnanasamningi Háskóla Íslands og Félags háskólakennara, dags. 17. 11. 2015

Reykjavík 17. 11. 2015

f.h. Háskóla Íslands



f.h. Félags háskólakennara

